

Lýður Björnsson

BÁSEND AFLÓÐIÐ 1799

Sjávarflóð hafa oft valdið stórtjóni og ekki síst á síðustu árum. Flóðbylgja skall yfir strandhéruð Suðaustur-Asíu á annan dag jóla árið 2004 og flóðbylgjur ollu miklu tjóni við Karíbahaf á haustmánuðum árið 2005. Flóðbylgjan í Suðaustur-Asíu olli mjög miklu manntjóni en flóðbylgjurnar haustið 2005 fyrst og fremst eignatjóni. Jarðskjálfti olli fyrrnefndu flóðbylgjunni (slíkar flóðbylgjur nefnast tsunami á japönsku og alþjóðamáli) en fellibyljir flóðunum við Karíbahaf. Tilfæra mætti miklu fleiri dæmi um tjón af völdum sjávarflóða og hafa Íslendingar hlotið sinn skerf af slíku, ekki síst sjófarendur. Elsta íslenska dæmið um að Ægir hafi reynt á þolrif þeirra mun að finna í Grænlandinga sögu. Þar segir frá 25 skipum mönnum sem hugðu á landnám á Grænlandi. Þau lentu í mjög miklum hrakningum. Suðureyskur maður var á einu skipanna og orti svonefnda Hafgerðingadrápu við þetta tækifæri. Þar er þetta stef:

Mínar biðk munka reyni
meinalausan farar beina,
heiðis haldi hárrar foldar
hallar dróttinn yfir mér stalli.

Tveir náttúrufræðingar á 19. öld, Japhetus Steenstrup og Jónas skáld Hallgrímsson, töldu jarðskjálfta orsök hafróts þessa og hefði orðið hafgerðingar þá væntanlega svipaða merkingu og japanska orðið tsunami. Ekki gátu þessir náttúrufræðingar fært veigamikil rök að þessu álit og er enn með öllu óvíst hvaða náttúruhamfarir voru þarna á ferðinni.¹ Ekki er ætlunin að fjalla hér um hafgerðingar þessar eða önnur sjávarflóð við Ísland að undanskildu því flóði sem nafnkunnast hefur orðið, Básendaflóðinu aðfaranótt hins 9. janúar 1799. Fyrst verður staðurinn kynntur og íbúar hans þessa örlaganótt. Eftirfarandi lýsing á Básendum er birt í Suðurnesjaannál sr. Sigurðar B. Sivertsens:

Básendar eru sunnarlega á vestanverðu Miðnesi, Rosmhvalanesi, og sunnan við alla byggðina þar. Þeir eru í Stafneslandi, og 8-10 mín. gangspölur milli. Fjörur og sandauðn er umhverfis Básenda, með litlum grasflesjum, frá síðustu öld, að austan- og norðanverðu. Þær eru þó aftur að brotna, eða blása og gróa á víxl, allt heim að túni á

Stafnesi. En sjór mylur framan af. Frá Básendum skagar nesið nokkuð lengra til suðuráttar, með boðum miklum, skerjum og lónum. Þá er Kirkjuvogshverfið (Hafnahr.) í suðaustur, en vogur milli, og gengur langt inn í landið til norðausturs ...

Höfnin á Básendum var lón mjótt og langt, svo sem bás austur og inn í landið. Skipaleiðin inn á leguna var nokkuð löng, milli skerja, og í líkri stefnu. Á fyrri öldum hefur vafalaust verið graslendi á báðar hliðar, og fyrir botni lónsins. Höfnin hefur þá verið á básenda.²

Lýsingin getur um höfn að Básendum enda var þar verslunarstaður að minnsta kosti frá 1484 til 1800. Undir lok 18. aldar var Hinrik Hansen, tengdasonur Íslands, kaupmaður á Básendum. Hann bjó á Básendum enda hafði verslunin þar verið opin allan ársins hring í nærfellt fjóra áratugi þegar hér var komið sögu. Kaupmaður bjó í sérstöku húsi ásamt eiginkonu sinni Sigríði Sigurðardóttur frá Götuhúsum í Reykjavík, fjórum börnum þeirra hjóna, Símoni, Jóhanni Friðriki, Pétri og Maríu Lisbet, og vinnukonu. María var yngst barnanna. Synirnir urðu síðar mikilsmetnir borgarar í Reykjavíkurkaupstað og einnig Hans Símon, eldri bróðir þeirra, sem virðist hafa búið erlendis þennan vetur. Þrjú önnur vinnuhjú og einni niðursetningur voru á Básendum þennan vetur og á vegum kaupmanns. Þau áttu heima í kotbæ skammt frá kaupmannshúsinu.³ Eftir þessa lýsingu skal athyglinni beint að atburðunum aðfaranótt hins 9. janúar 1799, Básendaflóðinu.

Hinrik Hansen kaupmaður sendi Sigurði Péturssyni, sýslumanni og skáldi, lýsingu á atburðum þessarar nætur og er lýsingin dagsett hinn 16. mars 1799. Skjal þetta er varðveitt. Það er á dönsku. Vigfús Guðmundsson gaf það út nokkuð stytta í Blöndu og á íslensku. Þar er þýðanda ekki getið og hefur Vigfús því væntanlega sjálfur fært lýsinguna „úr dönsku „dragtinni“ og í íslensku flíkurnar“. Rétt þykir að birta lýsinguna hér í heild þó að löng sé enda gefur hún mjög góða mynd af atburðunum á Básendum þessa nótt:

Lotningarfull frásaga (Ærbödig Pro Memoria)

Vegna ástæðnanna verð eg að bera fram fyrir héraðsdómarann tjónið hræðilega, sem varð í byrjun þessa árs á verzlunarstaðnum Básendum, er eg hafði náðarsamlega í hendur fengið. Út af því er eg nú fjárþrota með óþroskuð börn og óþægilegan aðbúnað. Til að gera héraðsdómaranum þetta skiljanlegt, tek eg mér leyfi til að segja

söguna sanna, eins og hún gerðist. Sést þá hversu ofurefli sævarins, hefur eyðilaggt verzlunarstaðinn og margskonar fjármuni mína, og í hvílíkum dauðans vandræðum eg var staddur, með mínum nánustu, meðan allt var að eyðileggjast. Þessi hörmulega saga er þá svona:

Eptir að við öll (eg, kona, 4 börn og vinnukona) vorum háttuð, varð eg þess var um nóttina (á að gizka kl. 2) hversu veðrið af suðri til vesturs magnaðist, svo iðulega fór að braka í húsunum. Þar að auki fóru að heyrast skellir, hver aptir annan, eins og veggbrjótur væri að vinnu á hlið hússins og undirstöðu. Af þessu fór eg á fætur, til þess að líta eptir veðrinu og vita, hvað gengi á úti. Þrátt fyrir svart myrkrið lauk eg upp húsdryrum eldhúsmeginn, og þá þegar brauzt sjórinn inn á mig, með svo miklu afli og straum, að fyllti herbergin á lítilli stundu. Flúðum við þá í skyndi upp á húsloptið, hálfnakin upp úr rúmunum, því við óttuðumst, að við mundum farast í sjónum niðri, þar sem íbúðin var. Og í myrkriinu þorðum við ekki út úr húsinu, bæði vegna æðandi brimaldanna og rjúkandi ofviðris; svo vissum við líka að allt umhverfis húsin var hulið sjó. Og megum víst þakka guði, að við gripum þá ekki það óyndis úrræði, því þá hefðum við öll farizt. Þarna stóðum við nú langan tíma á loptinu í sífelldum dauðans ótta, að veður og sjór mundi þá og þegar mola húsið niður að grundvelli. Ofviðrishrinurnar og brimið lamdi sífellt á húsinu, svo það var nú farið að brotna, mótstöðuafli þess rýrnaði og sjórinn streymdi út og inn.

Hér um bil kl. 7 (að við héldum) treystumst við ekki lengur að geta bjargað lífinu þarna á loptinu. Braut eg því gluggann á norðurhliðinni. Þar smugum við öll út, eins og við stóðum (hálfnakin). Eg vóð með yngsta barnið á handleggnum, þar sem sjórinn flæddi yfir og skolaði með sér borðum, plönkum, fjármunum og búshlutum. Náðum þó fjósinu með mestu erfiðismunum og lífshættu. Fjósið stendur svolítið hærra og fjær sjónum en íbúðarhúsið. En tæplega höfðum við dvalið þar fjórðung stundar, þegar mæniásinn brast í fjósinu. Við urðum því að flýja þaðan aptur, og til hlöðunnar. Annar gaflinn var brotinn af henni, en í staðinn var þar kominn hlaði af trjáviðardóti, er við urðum að skríða yfir, með mikilli hættu, til að komast inn.

Þarna stóðum við skjálfandi nokkurn tíma, unz veðrið fór með nokkuð af þakinu, en hinn hlutinn blaktaði fram og aptur, eins og blaðsnepill.

Til þess enn að reyna að bjarga lífinu, gerðum við síðustu tilraun, yfirgáfum eyðilagða kaupstaðinn, leiddumst öll saman og héldum

áleiðis til bygða. Vóðum svo og skriðum í rokinu, unz við eptir miklar þrautir náðum að næstu hjáleigu, er nefnist Lodda (Loðvíksstofa), rétt hjá Stafnesi. Fátæki bóndinn þar, Jón Björnsson og kona hans, tóku á móti okkur-sem vorum nærri örmagna af kulda, áreynslu og hugsýki-með mestu alúð og hjartagæzku. létu og það allt gott í té, er þau gátu. Í baðstofu þessa ráðvanda manns höfðum við aðsetur og aðbúnað í 14 daga. Voru þar alls 19 manns, þar af 10 börn, en þó var baðstofan ekki nema 3 stafgólf („Fag“ = 2 álnir) á lengd, 31/2 alin á vídd og 3 álnir á hæð, af gólfi upp í mæniás. Þrátt fyrir alúð mannsins og góðvilja vildum við ekki lengur niðast á gestrisni hans. Til þess líka að rýmka um okkur, fórum við á eyðijörðina Stafnes, og bjuggum um okkur í baðstofunni íslenzku, sem þar var. Síðan höfum við haft þar okkar fátæklega aðsetur. Eins og hr. sýslumaðurinn mun sjá eru húsin mín öll á verzlunarstaðnum sama sem hrunin að grundvelli, og bærinn, sem þar var, líka. Fólkið úr honum bjargaði sér upp um þekjuna, og tókst því þann veg um nóttina að bjarga lífi sínu, með guðs hjálp, nema aldrei konu, sem veðrið lamdi niður, svo hún druknaði í flóðinu. Eptir að hvíld og næði færðist yfir hagi mína hefi eg varið tímanum til þess að setja stoðir undir það, sem uppi hangir af húsaskrokkum verzlunarstaðarins, moka úr þeim fjörumölinni og grafa upp dótið mitt úr rústum þessa ömurlaga staðar, svo og að safna saman borðum, trjám og brotum húsa (og húsbúnaðar). Við allt þetta árangurslitla strit, dag og nótt, er eg og konan orðin svo lasburða, að eg treysti mér tæplega að vinna lengur þetta erfiði. Og erfiðið verður því árangursminna, þar ekki þarf hér eptir að vonast eptir fólki til útróðra á þessum stað.

Að lokum vil eg láta það álit mitt í ljósi, að landskjálfti hafi hér verið í verki með veðri og sjó. Benda til þess ýmsar vörutegundir, sem eg hefi fundið lítið skemmdar undir grundvelli (ned i Grunden). Þvílíkt gat varla orðið án mikils hristings og sérstaklegrar aukahreyfingar jarðvegsins.

Þar eg er skuldunautur hátignarinnar, er átti veð og íhlutunarrétt í húsum á verzlunarstaðnum Básendum, verð eg að biðja yður, hr. sýslumaður, að koma hér við tækifæri og framkvæma löglega skoðun á rústunum og fjártjóninu.

Stafnesi 16. marz 1799.

H. Hansen.

Konan sem fyrst í flóðinu hét Rannveig Þorgeirsdóttir, 79 ára niðursetningur sem hafði lengi verið rúmföst.⁴

Frásögn kaupmanns sýnir að veður hafi rokið upp um kl. 2 eftir miðnætti og gekk „veðrið af suðri til vesturs“. Nokkru síðar, óvíst hve löngu, opnaði kaupmaður dyr eldhúsmegin og flæddi sjór þá inn í húsið. Nánar verður vikið að þessu atriði síðar í greininni.

Sýslumaður lét gera úttekt á tjóninu og er virðingagerðin dagsett 9. maí 1799. Þar eru hús ýmist sögð vera gjörónýt eða stórskemmd. Auk þessa voru sex bátar sem kaupmaður átti og hafði gert út til fiskveiða gjörónýtir, af sumum þeirra var kjölurinn einn eftir. Úttektin segir eftirfarandi um flóðhæð og landbrot af völdum flóðsins:

Hversu mjög sjórinn gekk á land og hve hátt risu flóðöldur má ráða af því, að sjórinn komst 164 faðma upp fyrir verslunarstaðinn (274 metra ef miðað er við þriggja álna faðm), og rekadrumbur hefur skolazt upp á þakið á einu verzlunarhúsanna, og liggur þar enn, 4 álnum ofar grundvelli. Verzlunarstaðurinn sýnist alveg óbyggjandi til frambúðar, því grundvöllurinn virðist vera 1-2 álnum lægri en áður.⁵

Þess skal getið áður en lengra er haldið að Bäsendakaupstaður var ekki endurreistur og lögðu stjórnvöld þó allhart að Hansen kaupmanni að byggja þar upp á nýjan leik. Einhver verslun var þó á Bäsendum árið 1799. Hansen fluttist til Keflavíkur. Hann skuldaði konungi yfir 2.000 ríkisdali og sótti um að fá skuldina gefna eftir. Konungur féllst á að gefa hálfu skuldina eftir og að veita eins árs gjaldfrest á hinum helmingnum ef kaupmaður byggði aftur upp á Bäsendum. Síðar var fallið frá því skilyrði. Hansen kaupmaður andaðist árið 1802 og kom í hlut sona hans að greiða eftirstöðvar skuldarinnar.⁶

Tjón varð mun víðar en á Bäsendum aðfararnótt hins 9. janúar 1799. Jón Espólin segir pakkhús hafa eyðilagst á Eyrarbakka og þar dreifði sjórinn viðum og varningi um Breiðumýri ofan verslunarstaðarins. Einnig velti sjórinn um öllum stakkstæðum á Eyrarbakka, gróf grundvöll undan flestum húsum þar, spillti vörum og braut malarkambinn. Hús brotnuðu og hey og búpening tók út, 63 hross, 58 kindur og 9 kýr. Alls olli flóðið tjóni á 52 býlum í hinum forna Stokkseyrarhreppi og þar brotnuðu 27 bátar. Tuttugu og níu menn urðu að flýja heimili sín. Tjón varð einnig í Þorlákshöfn og Selvogi. Í Grindavík spillti flóðið 5 hjáleigum, þar brotnuðu 6 skip og 8 að auki skemmdust og 100 fjár fór í sjóinn. Fiskigarðar og túngarðar á Nesjum sópuðust heim á tún og þar brotnuðu 8 bátar, tveir

bátar eyðilögðust í Höfnum, tveir í Njarðvík og fjórir í Útskálasókn. Sjór gekk á land á Vatnsleysuströnd og braut tíu báta. Flóðið spillti mörgum jörðum á Seltjarnarnesi og eyðilagði þar yfir 20 báta. Þrjátíu og sex bátar skemmdust eða eyðilögðust í Borgarfjarðarsýslu og sextán að auki í Mýrasýslu. Verbúðir eyðilögðust við Álftanes og í Hítárnesi. Í Staðarsveit gekk sjór 300-1.500 föðmum lengra á land en venja var í stórstreymi, þar eyðilögðust hús og 50 fjár flæddi. Fjórtán kirkjujarðir Staðarstaðar spilltust. Búðakaupstað tók af að mestu, þar brotnaði eitt hús alveg, gat kom á annað og sjórinn gróf undan hinu þriðja. Sextán bátar brotnuðu í Staðarsveit, en tíu að auki höfðu brotnað fyrr um veturinn í Neshreppi. Flutningaskip Hans Hjaltalíns, kaupmanns á Búðum og Stapa, slitnaði upp og brotnaði undir Sölvahamri, verslunarhús brotnaði í Ólafsvík. Tveir bátar eyðilögðust á Hellissandi og fimm að auki á Skógarströnd. Þar brotnuðu þrjár bæir. Hús fuku í Dalasýslu. Þar braut sjórinn land og tók hjalla og fiskmeti. Átján bátar brotnuðu í óveðrinu í Dalasýslu svo að vitað var. Tekið er fram að veðurofsinn hafi verið minni á Vestfjörðum og um Norðurland. Hvalsneskirkja og Neskirkja við Seltjörn fuku og kirkjurnar í Kirkjuvogi og á Kálfatjörn skemmdust. Jón Espólín hefur eftirfarandi um tjón af völdum veðursins í grennd við Reykjavík eftir Geir biskupi Vídalín:

að 5 álnum hefði sjór gengit hærra, þverhnyptu máli, en í öðrum stórstraumsflóðum; braut sjórinn þvert yfir um nesit fyrir innan Lambastadi, svo at hvorki var fært hestum né mönnum; lét biskup mæla þar, ok voru 3 hundrud fadma tírædir; spilltust til ónýtingar á nesinu 18 skip eða meira, með þeim sem í Videy ok í Engey voru; kot braut á Kjalarnesi ok nokkra báta, ok vedr spillti víðar húsum. Tók af Breid á Skipaskaga með húsum ok túnum, en sjórinn brauzt inn undir pallskörina, fékk bóndinn brotid gat á badstofu-þekjuna, ok komit þar út mönnum, en vard at brjóta sik inn í adra búð, til at koma þeim af sundi, týndist margt þat er hann átti, en honum bættist þat aprt af örleik manna.⁷

Heimildir geta ekki um spjöll í Reykjavík af völdum flóðsins enda hefur hafnarsvæðið gamla verið í nokkru vari. Öðru máli gegnir um ofviðrið. Vitað er að rúður í tughúsinu á Arnarhóli (nú húsi stjórnarráðsins) brotnuðu af þess völdum og það svipti burt obbanum af þakskífum á suðurhlið dómkirkjunnar.⁸

Lýsingar Jóns Espólíns á tjóninu á Vesturlandi eru nákvæmar svo sem vænta mátti. Jón Espólín hafði verið sýslumaður í Snæfellsnessýslu 1793-1797 og í Borgarfjarðarsýslu frá 1797. Hefur hann því átt auðvelt með að

afla upplýsinga um tjónið við norðanverðan Faxaflóa og sunnanverðan og innanverðan Breiðafjörð, kynni jafnvel að hafa tekið þingvitni um tjónið í sýslu sinni. Frásagnir af tjóni við innanverðan Faxaflóa og á Suðurnesjum virðast komnar frá Geir biskupi Vídalín sem bjó á Lambastöðum á Seltjarnarnesi. Sr. Benedikt Sveinsson bjó í Selvogi og upplýsingar um tjón í Stokkseyrarhreppi forna munu eiga rætur að rekja til skýrslutöku sýslumannsins í Árnassýslu (sjá næstu málsgrein). Heimildir um ofviðrið og tjón af þess völdum virðast því traustar.

Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur, bjó á Kotmúla í Fljótshlíð veturinn 1798-1799. Hann hélt dagbók sem ýmist gengur undir nafninu almanak eða dagbók. Þar er getið um mikið tjón af völdum veðursins margnefnda nótt og að sýslumaður muni taka skýrslu um tjón á Bakkanum. Sveinn greinir frá því að hnísur, seli, keilur og karfa hafi rekið við suðurströndina, jafnvel svo mikið af karfa í Herðisarvík að nægt hafi í soðningu fram á miðþorra. Dagbókin sýnir að hann hefur aflað upplýsinga um tjónið bréflega og tilfærir þær. Geir biskup Vídalín var einn þessara bréfitara en upplýsingar í bréfi hans eru að mestu samhljóða þeim sem Jón Espólín tilfærir í Árbókum sínum. Þess skal þó getið að biskup segir í bréfinu til Sveins Pálssonar að um 80 skip hafi skemmst á svæðinu á milli Akraness og Keflavíkur og 15 að auki á milli Hvítár og Hítarár. Hér segir að sjór hafi í flóðinu staðið þremur álnum hærra (ekki fimm álnum) við Lambastaði en í venjulegu stórstraumsflóði. Sr. Benedikt Sveinsson í Vogsósum upplýsir í bréfi, dagsettu 28. janúar 1799, að fjórir bæir hafi eyðilagst í Selvogi, þar hafi brotnað sex bátar og 80 fjár farið í sjóinn. Einnig kemur þar fram að 12 verbúðir hafi eyðilagst í Stokkseyrarhreppi forna, Innrahólmshólmi hafi sokkið, Hlíð á Álftanesi hafi eyðilagst að mestu og kýr hafi drukknað á Langeyri. Loks tilfærir Sveinn Pálsson nokkur atriði úr bréfi frá sr. Sivertsen (ef til vill Brynjólfi Sigurðssyni Reykjavíkurpresti). Þar kemur fram að leiði dauðra hafi tekið upp, að svo mikið hafi rekið af karfa eftir óveðrið að sumir hafi fengið fjögur hundruð til hlutar og að einungis þrjú skip séu sjófær í Þorlákshöfn. Bréfitari varpar fram þeirri spurningu hvort karfarek sem getið sé um í annálum hafi ekki líka stafað af stórflóði og ofviðri.⁹

Rétt þykir að taka fram að heimildir nota ýmist orðin bátar eða skip þótt hér sér aðeins notað orðið bátur. Játað skal að merkingarmunur var á þessum orðum um 1800 og lengi síðan, skip voru stærri eða að minnsta kosti sexæringar, bátar voru ekki stærri en fjögurra manna för eða fimmæringar að hámarki.

Ekki virðist hafa orðið tjón af völdum flóðsins á Vestfjörðum (norðanverðum) eða á Norðurlandi enda hefur rokið þrýst öldunni frá landi

fremur en að. Öðru máli gegnir um rokið sjálft. Björn Bjarnason á Brandsstöðum var á 10. ári þennan vetur. Hann getur um ofviðrið aðfararnótt hins 9. janúar 1799 í annál sínum. Yfirleitt virðast upplýsingar Björns vera runnar frá Jóni Espólín. Þetta á ekki við um eftirfarandi upplýsingar um tjón nyrðra: „Norðanlands reif víða hús og hey, en klaki hlífði þökum, einkum á lágum og jarðgröfnum húsum.“¹⁰

Heimildir benda til að um það bil 100 hús hafi skemmt eða eyðilagst af völdum flóðs eða roks umrædda nótt. Meirihluti þessara húsa voru hjallar, útihús eða verbúðir en bæir, kirkjur og verslunarhús skemmdust einnig eða eyðilögðust. Samtals geta heimildir um 187 báta eða skip (skip = sexæringar eða stærri bátar) sem skemmdust þá eða eyðilögðust. Nokkurt tjón varð á búpeningi, getið er um 10 kýr, 226 kindur og 63 hesta sem flóðið grandaði. Ein kona drukknaði svo sem fram hefur komið.

Þeir Hinrik Hansen kaupmaður og Geir Vídalín geta um vindátt þessa nótt, Hansen í skýrslu sinni og Geir biskup í bréfinu til Sveins Pálssonar. Hansen kveður rokið hafa byrjað um tvöleytið eftir miðnætti og vindur verið af „suðri til vesturs.“ Orðalag þetta er óskýrt. Til álita kemur að það merki að stefna vinds hafi verið frá suðri til vesturs (áttin hafi verið suðaustan) eða að áttin hafi snúist frá suðri til vesturs. Hvorttveggja kæmi heim og saman við frásögn Geirs biskups sem segir áttina um tvöleytið hafa verið suðsuðaustan. Biskup bætir því við að á milli kl. 4 og kl. 8 fyrir hádegi (hinn 9. janúar) hafi vindáttin verið suðvestan. Biskup og kaupmaður eru því sammála um hvenær rokið hófst og einnig að mestu um vindátt ef þessi skilningur á orðum kaupmanns er réttur, biskup kynni þó að vera ívið nákvæmari um þetta atriði. Einnig hefur verið talið að orð kaupmanns bendi til suðvestanáttar um tvöleytið en sá skilningur fellur ekki að máltilfinningu greinarhöfundar. Vindáttin hefur snúist á milli kl. 2 og kl. 4 fyrir hádegi umrædda nótt og má líklegt telja að eftir það hafi niðurbrot húsanna á Básendum hafist að marki. Sveinn Pálsson vísar að veðrinu þessa nótt bæði í Veðurathuganabók sinni og dagbók. Í fyrrnefndu heimildinni segir að lygnt hafi eftir háttatíma (kl. 11-12 eftir hádegi skv. Íslenzkum þjóðháttum sr. Jónasar Jónassonar á Hrafnagili (Rvík 1945, bls. 2-3) en síðan hafi hann ekki vitað fyrr en húsið hafi tekið að skjálfa þegar vestanrokið hófst. Hefur þá verið allhvasst enda þurfti talsvert til að hrista torfbæi. Sveinn Pálsson getur þess ekki hvenær vestanrokið hófst. Hann getur um þrumuveður í Veðurdagbókinni og eldingar í hinni síðarnefndu. Þar kveður Sveinn veðrið þessa nótt hafa verið paufalegt (paufinn = fjandinn).¹¹

Hinrik Hansen taldi líklegt að jarðskjálfti hefði valdið Básendaflóðinu. Geir biskup Vídalín imprar á þessu í fyrrnefndu bréfi til Sveins Pálssonar

en telur slíkt þó óvíst. Biskup getur þess að brotnað hafi úr björgum við sjó þessa nótt. Sjálfur varpar Sveinn Pálsson fram þeirri spurningu hvort flóðið kunni að hafa átt rætur að rekja til eldgoss neðansjávar en íhugar slíkt ekki nánar. Sveinn getur um vikurrek syðra og hefur þetta eftir sr. (Brynjólfi ?) Sivertsen. Tilgátur um að jarðskjálfti eða neðansjávareldgos hafi orsakað Básendaflóðið hafa ekki notið fylgis. Víst er að brotnað getur úr björgum í ofviðri og það getur borið gosefni á land ef þau eru í botnlögum við ströndina. Öðru máli gegnir um þá staðhæfingu í fyrrnefndu bréfi sr. Benedikts Sveinssonar til Sveins Pálssonar að Innrahólmshólmi hafi sokkið í þessum hamförum. Slíkt bendir til jarðskjálfta ef orðalagið merkir þá ekki einungis að hólmann hafi brotið.

Síðari tíma fræðimenn hafa leitað eðlisrænna og veðurfræðilegra skýringa á Básendaflóðinu. Flosi Hrafn Sigurðsson veðurfræðingur telur til dæmis orsakir flóðsins þær að ofsarok hafi beint haföldunni að landi í stórstreymi og að loftþrýstingur hafi verið lágur en slíkt hækki sjávarstöðu nokkuð.¹² Greinarhöfundur hefur fengið staðfest að stórstreymt var aðfararnótt hins 9. janúar 1799. Undir slíkum kringumstæðum verður háfjara um kl. 12 og 24 á hverjum sólarhring. Straumur var að vísu stærstur að morgni hins 8. janúar en aðeins litlu minni sólarhring síðar. Þeir Geir biskup og Hansen kaupmaður tímasetja hvenær ofviðrið hófst fyrir alvöru og biskup hvenær það stóð sem hæst. Tilgreindur tími hlýtur að miðast við að sól hafi verið í fullu suðri kl. 12 á hádegi á Básendum og Lambastöðum. Íslenskur miðtími þekktist ekki um aldamótin 1800 og kemur ekki til skjalanna fyrr en skipting jarðar í tímabelti var tekin upp árið 1884.¹³ Hér að framan voru leiddar líkur að því að landbrotið að Básendum hafi hafist eftir kl. 2 f. h. og hefur þá verið komið bullandi aðfall syðra. Einnig kvað mest að brimi við Lambastaði kl. 4-8 f. h. en þá hefur verið háflóð. Líklegt er að þeir Geir biskup og Hansen kaupmaður hafi átt klukkur en þær voru helst í eigu embættismanna og kaupmanna á ofanverðri 18. öld.¹⁴

Allar frásagnir eru á einu máli um að ofsarok (hafátt sunnanlands) hafi verið aðfararnótt hins 9. janúar 1799 og þá var vissulega stórstreymt. Einn veðurfræðilegur þáttur að auki hefur áhrif á sjávarstöðu, loftþrýstingurinn. Svo vel vill til að Sveinn Pálsson mældi hitastig og loftþrýsting tvisvar á sólarhring um 1800 og bæði allöngu fyrr og síðar. Hitiastig fyrrnefnda nótt var um frostmark. Athuganir sínar gerði Sveinn um miðjan dag og að kvöldi að eigin sögn, væntanlega kl. 12 á hádegi og kl. 8-9 e. h. (náttmál). Hér verður birt tafla sem sýnir loftþrýsting dagana 8. og 9. janúar 1799 samkvæmt mælingum Sveins Pálssonar:

Loftþrýstingur 8. og 9. janúar 1799

Dagsetning	Tommur	Línur
8. md.	27	8 1/2
8. a.	27	0
9. md.	26	11 1/2
9. a.	27	3/4

Mælikvarðinn á loftvog Sveins var franskur tommur og skiptist hver tomma í 12 línur. Frönsk tomma var 27,07 mm. og ein lína 2, 256 mm.¹⁵

Lægsti loftþrýstingur sem Sveinn Pálsson mældi dagana 8. og 9. janúar 1799 var um hádegið hinn 9. janúar, tæpar 27 tommur sem samsvarar um 973 millibörum. Kvöldið áður var loftþrýstingur nær hinn sami á Kotmúla. Milli mælinganna eru sennilega um 15 klst. og lendir fárviðrið alveg á milli þeirra. Í aftakaveðrinu 3. febrúar 1991 féll loftþrýstingur í Reykjavík um 47,5 mb. og steig aftur um 40,5 mb. innan 15 klukkustunda. Kotmúli er heldur lengra frá lægðarmiðju Básendaveðursins en Reykjavík frá lægðarmiðjunni 1991, en samt getur þrýstingur í Kotmúla auðveldlega fallið og stigið um 20 til 30 mb. innan þeirra 15 klukkustunda sem liðu á milli mælinga Sveins. Lágmarksþrýstingur í Kotmúla gæti því hafa verið vel neðan við 950 mb. og þá 930 mb. eða lægri í sjálfri lægðarmiðjunni. Hafi verið um einstakan aftakaþrýstiatburð að ræða er mögulegt að lægsti þrýstingur á Básendum hafi farið undir 920 mb. án þess að athuganir Sveins Pálssonar þurfi að vera rangar.

Trausti Jónsson veðurfræðingur hefur athugað mælingar Sveins Pálssonar og telur í ljósi þeirrar athugunar að loftþyngdarmælir Sveins Pálssonar hafi sýnt of mikinn loftþrýsting, að minnsta kosti svo að óþarft sé að leiðrétta mælingar miðað við hæð athugunarstaðar yfir sjávarmál. Kotmúli er í 75 m. hæð yfir sjávarmál og hefði loftþrýstingur þar átt að vera þremur línur (um 9 mb.) lægri en við sjávarmál. Trausti Jónsson kveður ekkert tortryggilegt koma fram í lýsingum samtímamanna á hegðun lægðarinnar sem gekk yfir landið umrædda nótt árið 1799.¹⁶

Mjög djúp og kröpp lægð olli ofviðri og eyðileggingu við suður- og vesturströnd Íslands aðfararnótt hins 9. janúar 1799. Loftþrýstingur var óvenju lágur og stórstreymt og hækkaði sjávarstaða við landið fyrir áhrif þessara þátta. Náttúruhamfarir þessar taka nafn af Básendum en mannvirki þar eyðilögðust þessa nótt. Þar sameinuðust ofsarok af suðvestri og stórstraumsaðfall við að þrýsta sjónum inn fremur mjóa rennu. Sjór gekk að minnsta kosti fjórum álum (um 228 cm.) hærra á Básendum í flóðinu en í mestu stórstraumsflóðum.

Trausti Jónsson veðurfræðingur endurskoðaði umfjöllunina um loftþrýsting 8. og 9. janúar 1799 og mælingar Sveins Pálssonar og færði þar margt til betri vegar. Greinarhöfundur flytur þeim Trausta Jónssyni og dr. Þorsteini Sæmundssyni stjörnufræðingi þakkir fyrir mikilsverða aðstoð.

¹ Ísl. fornr. IV., bls. 245, meginmál og fyrsta neðanmálgrein.

² Suðurnesjaannáll er prentaður í Rauðskinnu hinni nýrri sr. Jóns Thorarinsens og hefur hann lagt sitt af mörkum til lýsingarinnar. Höfundurinn, sr. Sigurður B. Sivertsen, var prestur í Útskálasókn 1837-1886 og sr. Jón ólst upp í Höfnum. Báðir hafa því væntanlega þekkt Bäsenda mjög vel.

³ Vigfús Guðmundsson: Bäsendar við Faxaflóa, Blanda III., bls. 50-52, 57, önnur neðanmálgrein. Sigurður Pétursson er bæði titlaður héraðsdómari og sýslumaður í skjalinu. Hið rétta er að hann var sýslumaður í Kjósarsýslu og héraðsdómari í Gullbringusýslu, sem var eina sýsla landsins sem naut umsýslunar slíks embættismanns. Skiptingin átti rætur að rekja til konungsbréfs frá 1781 og ágreinings Skúla landfógeta Magnússonar og Guðmundar Runólfssonar lögsagnara um starfsvið. Landfógeti hafði með höndum fjármál og löggæslu í Gullbringusýslu. Sjá Kaupstaður í hálföld, bls. 117.

⁴ Vigfús Guðmundsson: S. st., bls. 54-58 og neðanmálgrein á bls. 58. Vigfús segir Rannveigu vera Þorgilsdóttur en sr. Jón Thorarinsen, útgefandi Suðurnesjaannáls, sem tekur frásögn Vigfúsar upp í annálinn, hefur breytt föðurnafni hennar á tveimur stöðum. Er þar væntanlega um leiðréttingu að ræða, sjá Rauðskinnu hina nýrri III., bls. 43 nm., neðanmálgreinar 2-3.

⁵ Vigfús Guðmundsson: S. st., bls. 58-61.

⁶ Vigfús Guðmundsson: S. st., bls. 64-68.

⁷ Jón Espólin: Íslands Árbækur í sögu formi, XI. deild, bls. 96-97.

⁸ Sigurður B. Sivertsen: Suðurnesjaannáll, Rauðskinnu hin nýrri III., bls. 35-36.

⁹ Sveinn Pálsson: Almanak (Dagbók). Lbs. / Háskbs. ÍB 2 octavo.

¹⁰ Björn Bjarnason: Brandsstaðaannáll, bls. 24-25.

¹¹ Sveinn Pálsson: Veðurdagbók. Lbs. / Háskbs. ÍB 5 folio. Sami: Almanak (Dagbók). Lbs. / Háskbs. ÍB 2 octavo.

¹² Flosi Hrafn Sigurðsson: Mannskæð flóð, Veðrið 1962, bls. 21.

¹³ Dr. Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur. Munnlegar upplýsingar.

¹⁴ Jónas Jónasson: Íslenzkir þjóðhættir (Rvík 1945), bls. 1.

¹⁵ Sveinn Pálsson: Veðurdagbók. Lbs. / Háskbs. ÍB 5 folio. Veðrið 1963, bls. 3 nm. (mælikvarðinn). Þessi hluti af veðurdagbókinni var prentaður í Veðrinu 1975, bls. 46. Þar hefur tekist svo óhönduglega til að afritari hefur farið línuvillt í tommudálkinum og virðist loftþrýstingur hafa verið öllu lægri að kvöldi hins 8. janúar en hann var í raun og veru.

¹⁶ Upplýsingar frá Trausta Jónssyni veðurfræðingi, báðar síðustu málgreinar. Trausti bendir á að samkvæmt leiðbeiningum Sveins Pálssonar um veðurathuganir (Lbs. 306 4to) telji Sveinn torfhús skjálfa við 9 vindstig (20 m/sek).

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.